SKÁTARNIR

# ÁRSSKÝRSLA

BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA **2020**



SKÁTARNIR

# **Ársskýrsla**
# Bandalags íslenskra skáta
# **2020**

## EFNISYFIRLIT


Kveðja frá skátahöfðingja ........................ 3

Stjórn og starfsfólk BÍS .............................. 4

Starfsemi Bandalags íslenskra skáta ....... 5

Rekstrarreikningur .................................. 22

Efnahagsreikningur ............................... 22

Sjóðstreymisyfirlit ................................ 23

Skýringar ............................................... 24



Ársskýrsla Bandalags íslenskra skáta 2020 • Útgefandi: Bandalag íslenskra skáta • Hraunbær 123, 110 Reykjavík
Sími: 550 9800 • Netfang: skatar@skatar.is • Umsjón texta: Skátamiðstöðin, Rakel Ýr Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Ýmsir • Ábyrgðarmaður: Rakel Ýr Sigurðardóttir • Umbrot: Margrét Kröyer



# Góðir skátar

Nú þegar við lítum yfir árið 2020 er ekki annað hægt að segja en að skátar sem og aðrir hafi upplifað og lært heilmargt sem mun nýtast í nútíð og framtíð. Aðlögunarhæfni, frumkvæði, frumlegheit, samstaða og jákvæðni einkenndu skátaárið þegar litið er til baka. Skátastarfið er ekki eitthvað sem við á Íslandi ákveðum hvað er. Skátastarfið er aldagömul hugmyndafræði sem hefur þróast í tímans tönn með aðkomu skáta frá öllum heimshornum. Hvað sem við gerum verðum við að fylgja hugsjónum skátahreyfingarinnar, byggja betri heim og stuðla að frið. Skátaheitið og skátalögin veita okkur ómetanlegan leiðarvísir og allir skátar á öllum aldri eiga að þekkja skátaheitið og -lögin. Nú til viðbótar höfum við ítarlegri leiðarvísi sem hjálpar okkur á Íslandi að stilla áttavitann en það er stefnan okkar sem var samþykkt á Skátaþingi 2020. Allir eldri skátar ættu að kynna sér hana vel og fylgja þeirri stefnu. Gleymum svo ekki að skáti er glaðvær svo það er alltaf pláss fyrir gleði og bros.

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við (guð/samvisku) og (ættjörðina/samfélag), að hjálpa öðrum og fara eftir skátalögunum.

Skáti er hjálpsamur
Skáti er glaðvær
Skáti er traustur
Skáti er náttúruvinur
Skáti er tillitssamur
Skáti er heiðarlegur
Skáti er samvinnufús
Skáti er nýtinn
Skáti er réttsýnn
Skáti er sjálfstæður

**Með skátakveðju**

Marta Magnúsdóttir
skátahöfðingi

# 1 STJÓRN OG STARFSFÓLK BÍS

## 1.1 Stjórn

**Eftirtaldir skátar skipuðu stjórn BÍS frá Skátaþingi 2020**

- Skátahöfðingi: **Marta Magnúsdóttir**, BA í uppeldis og menntunarfræði, fyrst kjörin 2017.
- Gjaldkeri: **Sævar Skaptason**, framkvæmdastjóri, fyrst kjörinn 2019.

**Meðstjórnendur:**
- **Harpa Ósk Valgeirsdóttir**, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, fyrst kjörin 2017.
- **Björk Norðdahl**, tölvunarfræðingur, fyrst kjörin 2017.
- **Ásgerður Magnúsdóttir**, nemi, fyrst kjörin 2019.
- **Jón Halldór Jónasson**, upplýsingafulltrúi, fyrst kjörinn 2019.
- **Þórhallur Helgason**, forritari, fyrst kjörinn 2020.

## 1.2 Fastaráð BÍS

**Eftirtaldir skipuðu fastaráð BÍS frá Skátaþingi 2020**

### 1.2.1 Alþjóðaráð:
- **Daði Björnsson**
- **Selma Sif Ísfeld**
- **Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir**

### 1.2.2 Skátaskólinn:
- **Dagbjört Brynjarsdóttir**
- **Halldór Valberg**
- **Inga Jóna Þórisdóttir**

### 1.2.3 Starfsráð:
- **Birta Ísafold Jónasdóttir**
- **Jóhanna Björg Másdóttir**
- **Páll Kristinn Stefánsson**

### 1.2.4 Ungmennaráð:
- **Ísold Vala Þorsteinsdóttir**
- **Thelma Líf Sigurðardóttir**
- **Úlfur Leó Hagalín**

### 1.2.5 Útilífsráð:
Samþykkt var á Skátaþingi 2020 að stofna nýtt ráð, Útilífsráð. Ráðið hefur ekki tekið til starfa.

## 1.3 Skátamiðstöðin

**Kristinn Ólafsson** er framkvæmdastjóri BÍS og fer jafnframt með prókúru fyrir BÍS og dótturfélög þess. Auk þess að vinna að öflugu og öruggu rekstrarumhverfi fyrir skátastarf á Íslandi hefur Kristinn yfirumsjón með daglegum rekstri skrifstofu og dótturfélaga BÍS og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart stjórn BÍS. Hann á tryggt samstarf við sjálfboðaliðana sem skipa stjórn BÍS og stjórnir dótturfyrirtækja BÍS og fylgir samþykktum þeirra eftir. Kristinn er í forsvari fyrir BÍS gagnvart hinu opinbera, fjölmiðlum og helstu samstarfsaðilum skátahreyfingarinnar á Íslandi.

**Guðmundur Örn Sverrisson** er fjármála- og verkefnastjóri BÍS og vinnur með framkvæmdastjóra ásamt stjórnum og stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS. Sem fjármálastjóri sinnir Guðmundur fjármálaumsýslu BÍS og dótturfélaga, s.s. greiðslu reikninga og gerð fjárhagsáætlana. Honum er einnig falið að fylgja eftir og tryggja framkvæmd stærri viðburða og verkefna innan BÍS og dótturfyrirtækja.

**Hilda Ösp Stefánsdóttir** er bókari og vinnur með framkvæmdastjóra og fjármálastjóra ásamt stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS. Hennar helstu verkefni snúa að innheimtu og færslu bókhalds BÍS og dótturfyrirtækja þess. Hún aðstoðar einnig við yfirlestur efnis áður en það er gefið út af BÍS.

**Hulda Mjöll Þorleifsdóttir** er þjónustufulltrúi BÍS og vinnur með öðru starfsfólki Skátamiðstöðvarinnar að ýmsum verkefnum. Sem þjónustufulltrúi hefur hún umsjón með félagatali og öðrum rafrænum kerfum Skátanna og aðgengi að þeim. Hún svarar síma, tölvupósti og skilaboðum gegnum samfélagsmiðla Skátanna, annast hverskyns þjónustu í móttöku og sinnir einnig afgreiðslu og pöntunum í Skátabúðinni. Hulda Mjöll sér líka um að senda út upplýsingar til skátafélaganna og hefur umsjón með vikulegu fréttabréfi Skátamiðstöðvarinnar.

**Hulda María Valgeirsdóttir** starfaði sem viðburðastjóri hjá Skátamótum og leysti Rakel Ýr af á meðan hún var í fæðingarorlofi. Hulda tók m.a. þátt í undirbúningi Landsmóts skáta 2020. Mótinu var aflýst vegna Covid-19 og starfaði Hulda fyrir ÚSÚ fram á haust. Í vetur hefur hún verið í hlutastarfi við undirbúning sumarbúða á Úlfljótsvatni og aðstoðað við undirbúning fyrir skátamót á Úlfljósvatni sumarið 2021 sem hefur fengið nafnið Skátasumarið.



**Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Sigurgeir B. Þórisson** eru erindrekar BÍS og vinna með sjálfboðaliðum BÍS og í félagsstarfi skátafélaganna um land allt. Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og styðja þau í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja félagsstarf þeirra, miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Erindrekar sinna líka alls kyns átaksverkefnum sem miða að því að styðja sjálfboðaliða í þeirra hlutverkum, s.s. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu. Þau vinna líka að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi. Erindrekar vinna líka að því að fjölga bæði sjálfboðaliðum og þátttakendum í skátastarfi og geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst skátastarf nú þegar. Í slíkum verkefnum bjóðast þau til að koma hvert á land sem er að kynna starfið fyrir áhugasömum sjálfboðaliðum og þátttakendum, halda námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða og reka dagskrá fyrir þátttakendur í nokkur skipti.

**Rakel Ýr Sigurðardóttir - Viðburðarstjóri**
Var í fæðingarorlofi 2020.

**Sigríður Ágústsdóttir** er skrifstofustjóri BÍS. Sigríður vann að sérverkefni á árinu er tengdist undirbúning að stofnun Skátaskólans. Hún fór í veikindaleyfi í sumar.

## 1.4 Skátabúðin ehf.

Rekstur Skátabúðarinnar ehf. gekk vel. Mesta sala Skátabúðarinnar er á *„skátavörum“* til skátafélaga þó að einstaklingar, þá sér í lagi skátaforeldrar, séu stór viðskiptavinahópur. Sala á Sígræna jólatrénu gekk vonum framar, sölumet var slegið og lagerinn nánast uppurinn í byrjun desember. Líklega má álykta að góð sala á jólatrjám hafi verið vegna þess að fleiri hafi haldið jólin heima hjá sér en áður. Á árinu var rekstur Tjaldaleigu skáta seld til SSR/Skátalands. Þessi rekstur fellur mun betur að rekstri Skátalands og mun án efa efla þjónustuna þar. Söluandvirðið verður tekið út í leigu á tjöldum.

## 1.5 Skátamót ehf.

Dótturfyrirtæki BÍS sem heldur utan um undirbúning og framkvæmd stærri viðburða á vegum BÍS, s.s. Landsmót skáta og önnur mót.

## 1.6 Grænir skátar ehf.

Hjá Grænum skátum ehf. störfuðu 25 starfsmenn í 14 stöðugild-um á árinu. Flestir starfsmenn Grænna skáta, um 20 manns, búa við skerta starfsgetu og veitir þessi starfsemi þeim kærkomið tækifæri til þess að sinna laun-aðri vinnu. Grænir skátar eru með samning við Vinnumálastofnun (VMST) í tengslum um verkefnið: *„Atvinna með stuðning,“* og tekur VMST þátt í launagreiðslum þeirra starfsmanna.

SKÁTARNIR



## 2 STARFSEMI BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA

Verkefni skátahreyfingarinnar eru mörg og fjölbreytt. Eitt þessara verkefna er að endurmeta stöðugt forgangsröðun verkefna og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Endurmat verkefna er alltaf við hæfi og mikilvægt er að framsýni sé til staðar og að reynt sé eftir fremsta megni að tryggja að verkefnin hafi jákvæð áhrif á skátastarf á landsvísu. Skátahreyfingin er rík af fólki sem er tilbúið að miðla og leiða og oftar en ekki óskar BÍS eftir aðstoð sjálfboðaliða við þróun og framkvæmd verkefna og eru öllum þeim sem lögðu verkefnum lið árið 2020 færðar kærar þakkir fyrir.

## 2.1 Stefnumótun BÍS

Þágildandi stefna BÍS var samin og samþykkt fyrir árin 2015-2020 og ljóst var að ráðast þyrfti í stefnumótun sem yrði tilbúin og samþykkt á Skátaþingi fyrir lok árs 2020. Markmiðið var að sem flestir gætu komið að stefnumótuninni. Sunnudaginn 10. nóvember 2019 var haldinn 6 klst. langur vinnudagur í Skátamiðstöðinni undir yfirskriftinni: *„Áfram veginn.“* Öllum stóð til boða að mæta og var einnig boðið upp á þátttöku í gegnum fjarfundarbúnað. Mæting á fundinn var góð og ánægjulegt hversu margir sveitarforingjar mættu. Gögnin sem söfnuðust á vinnufundinum eru meginefni alls efnis sem kemur fram í stefnunni. Að auki var stuðst við gögn úr umræðum frá Ungmennaþingi og fundi við skátafélögin sem haldinn var 15. febrúar í Hraunbyrgi. Ritstjórn stefnunnar vann úr gögnunum svo að úr yrði heildstæð mynd.
Í aðdraganda Skátaþings voru loks haldin fjögur rafræn kynningarkvöld þar sem skátum gafst færi á að hafa bein áhrif á innihald stefnunnar. Á fundum bárust góðar ábendingar sem brugðist var við. Kaflar stefnunnar eru þrír: fólk, færni og framsýni. Haldin var nafnasamkeppni á Skátaþingi 2020 og bárust 15 tillögur. Flest atkvæði hlaut tillagan Fyrirmynd til framtíðar. Tillaga að stefnunni var lögð fyrir Skátaþing 2020 þar sem hún var samþykkt. Talin atkvæði voru 54. 48 kusu með, 3 kusu gegn og 3 tóku ekki afstöðu.

Stjórn BÍS vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem tóku þátt í stóra vinnudeginum og öðrum fundum og umræðum um stefnuna. Sérstakar þakkir til **Ingu Auðbjargar Straumland** sem veitti faglega aðstoð. Stefna BÍS er glæsilegur leiðarvísir skáta á Íslandi og mikilvægt að sem flestir skátar séu kunnugir innihald hennar.

## 2.2 GSAT Alþjóðleg gæðaúttekt skátahreyfingarinnar

Gerð var alþjóðleg gæðaúttekt á starfi Bandalags íslenskra skáta (BÍS) í nóvember 2015. GSAT (Global Support Assessment Tool) gæðaúttektinni er ætlað að sýna hversu vel starfsemi BÍS samræmist alþjóðlegu skátastarfi WOSM (World Organisation of the Scout Movement).
Stöðugt er unnið að úrbótum skv. Niðurstöðum gæðavottunarinnar og endurnýjun gæðavottunar er hafin.

## 2.3 Samskipti við skátafélögin

Áfram var unnið í samræmi við stefnumörkun BÍS að því að styðja við starf skátafélaganna. Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Sigurgeir Bjartur Þórisson eru talsmenn BÍS gagnvart skátafélögunum í landinu og veita þeim almennan stuðning í samráði við starfsfólk og stjórn BÍS. Sjá kafla 3.1.

## 2.4 Fundir

### 2.4.1 Stjórnarfundir

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hélt 15 bókaða fundi á árinu 2020 auk óformlegra funda. Reglulegir stjórnarfundir voru ýmist netfundir eða haldnir í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.

### 2.4.2 Skátaþing 2020

Skátaþing 2020 var afar óhefðbundið enda samkomutakmarkanir í gangi í samfélaginu vegna Covid-19. Þingið var haldið 31. október eftir að hafa verið frestað frá því í mars, og var streymt frá Skátamiðstöðinni. Dagskrár fundarins var samkvæmt lögum BÍS. Fundarmenn gátu tekið þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig var sérstakt kosningakerfi sem tryggði framkvæmd kosninga. Það var mikil áskorun að halda Skátaþing með þessum hætti en vel þótti til takast í þessari prófraun. Á fundinum voru öll fyrirliggjandi mál afgreidd og einnig var kosið í embætti.

### 2.4.3 Félagsforingjafundir

Þrír félagsforingjafundir voru haldnir á árinu. Sá fyrsti var haldinn 15. febrúar í Hraunbyrgi sal Hraunbúa í Hafnarfirði. Þar gafst fundarmönnum færi á að hafa áhrif á stefnu BÍS í skemmtilegum smiðjum.
Auka félagsforingjafundur var haldinn í fjarfundi 21. Apríl. Þar sem breyting varð á stjórn BÍS og ekki var unnt að halda Skátaþing vegna sóttvarnarreglna samþykkti félagsforingjafundur breytingu á stjórninni fram að Skátaþingi. Síðasti félagsforingjafundurinn var einnig haldinn í fjarfundi 2. september. Umræðuefni fundarins var Landsmót skáta, stefna BÍS og vetrarstarf skátafélaga.

## 2.5 Afreks- og heiðursmerki

Stjórn BÍS samþykkti vorið 2006 reglugerð um heiðursmerki. Samkvæmt henni eru eftirtalin heiðursmerki í notkun hjá BÍS: Silfurúlfurinn, Skátakveðjan úr gulli, silfri og bronsi, Þórshamarinn úr gulli, silfri og bronsi og auk þess merki BÍS úr gulli, silfri og bronsi. Eftirtalin hetjudáðamerki eru í notkun hjá BÍS: Gullkrossinn, Silfurkrossinn og Bronskrossinn. Eftirtalin þjónustumerki eru í notkun hjá BÍS: Gyllta liljan og smárinn og Silfraða liljan og smárinn.

Vegna samkomutakmarkana árið 2020 náðist ekki að afhenda heiðursmerki, verður bætt úr því við fyrsta tækifæri.




SKÁTARNIR





## 2.6 Helstu viðburðir sem BÍS kom að

**Janúar**
10.-12. Neisti
14.-16. Skyndihjálparnámskeið

**Febrúar**
6. Verndum þau námskeið
7.-9. Ungmennaþing
14.-21. Vetraráskorun Crean
22. Skátar syngja saman

**Mars**
1. Drekaskátadagurinn
5. Málþing um skátaskála á Íslandi
13.-.15. Útipepp – frestað
19. Hinsegin fræðsla - frestað

**Apríl**
3.-5. Alheimsmót skáta á netinu (JOTI)
5. Ógn að ofan – frestað

**Maí**
21. Bökum vandræði - aflýst
28.-29. Skyndihjálparnámskeið

**Júní**
3.-.5. Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
5.-.7. Vinir Úlfljótsvatns
6.-7. Drekaskátamót – aflýst
19.-21. Rekka- og róverskátamót – aflýst

**Júlí**
28. Kvöldvaka á netinu

**Ágúst**
28.-30. Sumar-Gilwell – aflýst

**September**
2. Félagsforingjafundur
8. Námskeið fyrir vetrarstarfsfólk – aflýst
9. Grow markþjálfun
10. Opinn fundur um heimsmarkmiðin og skátastarf
15. Stefna BÍS - fólk
17. Ungt fólk og lýðræði
17. Námskeið fyrir vetrarstarfsfólk
21. Stefna BÍS – framsýni
27. Afhending Forsetamerkis – aflýst
30. Stefna BÍS - færni

**Október**
1. Verndum þau – netnámskeið
8. Stefna BÍS – færni til framtíðar
11 Rafrænt spilakvöld
14. Hringborð skátaforingja rekkaskáta
15. Fjölskyldu kakókviss!
15. Swisskviss!
16.-18. JOTA-JOTI
16.-18. Skátapepp – aflýst
19. Hringborð skátaforingja dróttskáta
27. Hringborð fálkaskátaforingja
29. Hrekkavökukviss Skátanna
29. Skerýkviss Skátanna
31. Skátaþing

**Nóvember**
2. Afmæli skátastarfs
7. Fálkaskátadagurinn
22. Húllumhæ á Zoom – Opinn fundur Ungmennaráðs

**Desember**
16. Jólakviss fjölskyldunnar
16. Ég er fyrir löngu búin að gera allt



# 3 KJARNASTARFSEMI BÍS

## 3.1 Erindrekar

Árið 2020 var óvanalegt ár í erindrekstri BÍS en fullt af skemmtilegum, fræðandi og spennandi hlutum.
Árið byrjaði með krafti þar sem erindrekar héldu norður til Akureyrar fyrstu helgi ársins, hittu þar foringja og héldu námskeið fyrir þau. Vikuna eftir tóku erindrekar þátt í undirbúningi og framkvæmd Neista. Í fjölda annarra félaga var einstaka foringjum veitt ráðgjöf og handleiðsla um félagsleg mál, dagskrármál og skipulagsmál.
Erindrekar aðstoðuðu við skipulag útilífsskóla Skátafélag Akraness sem var settur aftur á fót sumarið 2020 í fyrsta sinn frá árinu 2011. Erindrekar fóru í tvær vettvangsferðir í Borgarnes og hittu þar Skátafélag Borgarness, aðstoðuðu þau við skólakynningar og hittu foreldra og stjórn skátafélagsins. Auk þess fóru erindrekar til Vestmannaeyja þar sem þau hittu skátana og héldu kynningu fyrir foreldra um skátastarf og landsmót. Erindrekar fóru einnig á foreldrafundi hjá Skátafélaginu Akranesi og Svönum.
COVID-19 setti svip á starfið enda þurftum við að stoppa skátastarf í smá tíma þar sem ekki mátti hittast í raunheimum og var verkefnið #stuðkví sett í loftið en það var samstarfsverkefni erindreka, stuðningsmann reykjavíkursveita og skátaforingja. Þá voru sett fram ný verkefni á hverjum degi í 46 daga sem voru ýmist byggð á skátalögunum, heimsmarkmiðunum eða einfaldlega skemmtileg verkefni sem hvöttu skáta og öll börn á Íslandi til að halda stuðinu gangandi í samkomubanni. Þau sem unnu 10 eða fleiri verkefni fengu í verðlaun sérstök #stuðkví skátamerki. Á haustönn þegar COVID-19 stoppaði skátastarf aftur unnu erindrekar í samstarfi við stjórn að því að bjóða upp á viðburði á netinu sem leiddi meðal annars til þess að rafrænt spilakvöld var haldið, nokkur skátakviss í hinum ýmsu þemum voru haldin og TikTok áskoranir sendar út til skáta. Öðruvísi en skemmtileg útfærsla á skátastarfi.

Erindrekar lögðu áherslu á fræðslumál og að bjóða upp á vettvang fyrir foringja og sjálfboðaliða til að koma saman.
Á vorönn var í boði bokashi fræðsla í samstarfi við Jarðgerðarfélagið sem var vel sótt. Í samstarfi við stuðningsmann reykjavíkursveita settu erindrekar á fót námskeið ætluðum skátaforingjum með það að markmiði að hjálpa skátaforingjum að undirbúa önnina, gefa þeim tæki og tól til að hjálpa þeim að setja upp áætlun fyrir framtíðina, auka veg leikjavæðingar og styrkja þekkingu á tólum eins og lýðræðisleikjum, færnimerkjum og dagskrárhring. Erindrekar náðu að fara með námskeiðið í nokkur skátafélög áður en covid lokaði öllu aftur en þá var prófað að keyra námskeiðið í gegnum fjarfundarbúnað sem gekk betur en erindreki þorði að vona. Á haustönn var einnig í fyrsta skiptið haldið námskeið fyrir starfsfólk skátafélaga. Auk þess voru hringborð sjálfboðaliða kynnt aftur til leiks en það er vettvangur fyrir sjálfboðaliða í svipuðu hlutverki til að kynnast, tala um áskoranir sem þau mæta og deila með öðrum góðum lausnum og aðferðum sem nýtist þeim í starfi. Erindrekar fóru líka í kynningarátak á haustönn á forsetamerkinu og hittu marga rekkaskáta og aðstoðuðu þau við að hefja vegferð sína að merkinu.
Erindreki sat í fagráði Æskulýðsvettvangsins (ÆV). Einnig situr erindreki fyrir hönd ÆV í æskulýðsráði Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í stuðningi við stjórn, ráð og vinnuhópa BÍS komu erindrekar að ýmsum efnum. Erindreki hefur verið starfsmaður stýrihóps BÍS um heimsmarkmiðin frá stofnun árið 2019. Erindreki aðstoðaði meðlim stýrihópsins við kynningu um skáta og heimsmarkmiðin fyrir frjáls félagasamtök við mjög góðar undirtektir auk þess sem stýrihópurinn vann að gerð nýs dagskrárbæklings og hélt opinn fund fyrir skátafélög sem var með það að markmiði að fræða hvert annað og deila góðum venjum, verkefnum og fleira í tengslum við heimsmarkmiðin. Vinnuhópur sem vann að þýðingu á dagskrá vegna Þankadagsins 2020 skilaði af sér flottu verki og nýr hópur var stofnaður í lok árs til að þýða dagskrárpakkann tileinkaður árinu 2021.
Erindrekar sinntu einnig ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum í samstarfi við ýmsa sjálfboðaliða, skátahópa, samstarfsfólk sitt og jafnvel þátttakendur í skátastarfi.

## 3.2 Félagaþrenna

**Skipting á stjórnunarhlutverkum skátafélaga**
Á skátaþingi 2018 var félagaþrennan kynnt fyrir skátafélögunum. Finnska skátahreyfingin hefur þróað stjórnunina þannig að í hverju skátafélagi eru þrír aðilar sem mynda innsta kjarna stjórnar og eru öll hlutverkin jafn gild og hafa jafn mikið vægi í stjórnun skátafélaga. Þessir þrír aðilar eru félagsforingi, dagskrárforingi og sjálfboðaliðaforingi. Verklýsingar liggja nú fyrir og nýtast við prufukeyrslu félagaþrennunnar.
Félagaþrennan gerir ráð fyrir að allir hlutaðeigandi fái stuðning í starfi sínu. Því hafa verið haldin námskeið fyrir svokallaða þrennuþjálfa sem sjá um persónulegan stuðning við þá sem skipa þessar stöður í félögunum.
Nokkur skátafélög á Íslandi hafa nú þegar innleitt félagaþrennuna og er það von stjórnar að sem flest félög nýti sér þessa skiptingu á stjórnun skátafélaga.



## 3.3 Alþjóðamál

Alþjóðastarf skáta er fleira en ferðalög, til dæmis geta samskipti skáta og skátahópa í gegnum netið verið mjög skemmtilegur kostur. Þess háttar samskipti geta síðan þróast í verkefni þar sem hóparnir hittast og fá til þess styrki, t.d. frá Erasmus+ en langflestir erlendir viðburðir sem BÍS tekur þátt í eru einmitt styrktir af Erasmus+. Alþjóðaráð sinnir einkum samskiptum BÍS við erlend skátabandalög og samtök, erlenda skáta sem óska eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf og ekki síst eru íslenskum skátum veittar upplýsingar um erlent skátastarf og erlend tilboð svo sem skátamót og námskeið. Þá eru einnig skipulagðir fjölþjóðlegir viðburðir hér á landi. Fjölmörg erindi berast íslenskum skátum á hverju ári sem ráðið vinnur úr. Alþjóðafulltrúar BÍS eru Sunna Líf Björnsdóttir og Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir. Sunna Líf er fyrsti tengiliður við WAGGGS og Þórey Lovísa er fyrsti tengiliður við WOSM. Sunna Líf tók við af Eriku Eik Bjarkadóttur sem steig til hliðar sem alþjóðafulltrúi á vormánuðum.

### 3.3.1 Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna

Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári, venjulega fyrstu helgina í september. Nefndin vinnur úr samþykktum Norræna skátaþingsins og fylgist með framkvæmd þeirra samstarfsverkefna sem þar eru ákveðin. Fulltrúar BÍS í samstarfsnefndinni árið 2020 voru Sunna Líf Þórarinsdóttir og Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir. Formennska og skrifstofuhald norrænu samstarfsnefndarinnar er hjá Noregi. Sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar www.speidereinorden.org.

### 3.3.2 Norræna skátaþingið

Norræna skátaþingið er haldið þriðja hvert ár, til skiptis á Norðurlöndunum. Þingið verður næst haldið 2021.

### 3.3.3 Starfsnefndir WAGGGS og WOSM

Íslenskir skátar hafa verið öflugir í að taka þátt í alþjóðlegu starfi bæði á vegum WAGGGS og WOSM. Árið 2020 voru 9 skátar þátttakendur í ýmsum starfsnefndum á þeirra vegum.

### 3.3.4 Upplýsingamiðlun

Upplýsingamiðlun frá Evrópu- og heimsskrifstofunum er mjög aðgengileg á heimasíðum og Facebooksíðum skrifstofanna, sjá nánar www.scout.org, www.euroscoutinfo.com, www.wagggs.org, www.europe.wagggsworld.org og www.europak-online.net. Alþjóðaráð hefur haldið úti Facebook hópnum Tækifæri í Alþjóðastarfi.

### 3.3.5 Evrópuþing WAGGGS og WOSM

Þingin eru haldin á þriggja ára fresti, næst verða þingin haldin árið 2022.

### 3.3.6 Heimsþing WAGGGS og WOSM

Heimsþing heimsbandalaganna WAGGGS og WOSM eru haldin á þriggja ára fresti. Í ár átti að halda þingið í Úganda og Egyptalandi en var frestað vegna heimsfaraldurs.



### 3.3.7 Ungmennaþing WOSM

Ungmennaþing WOSM eru haldin á þriggja ára fresti, átti þingið að vera haldið í ár en því var frestað vegan heimsfaraldurs.

### 3.3.8 Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2020

- Fararstjórafundur fyrir European jamboree í Varsjá - **Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir**
- Undirbúningsfundur fyrir heimsþing WAGGGS í Róm - Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir
- Scouts for gender equality í Portó – **Daði Björnsson** og **Ásgerður Magnúsdóttir**
- Net Academy - **Harpa Ósk Valgeirsdóttir**, **Kolbrún Ósk Pétursdóttir**, **Sædís Ósk Helgadóttir**, **Þórey Lovísa Magnúsdóttir** og **Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir**
- Diversity network á netinu – **Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir**

### 3.3.9 Skátamót og heimsóknir

Á hverju ári berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað. Þau ár sem Landsmót skáta eru haldin stendur BÍS að jafnaði ekki fyrir stórum ferðum á erlend skátamót.

Að þessu sinni var lítið um ferðir erlendis vegna heimsfaraldurs.

### 3.3.10 Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar hafa unnið sem sjálfboðaliðar víða. **Arnþór Ómar Gíslason** var sjálfboðaliði í Kandersteg árið 2020.

### 3.3.11 Alþjóðlegir viðburðir á næstunni

- European Jamboree, Póllandi, frestað til 2021 en síðar aflýst
- 37th WAGGGS World Conference, Uganda, fært til 2021
- 14th World Scout Youth Forum, Egyptalandi, fært til 2021
- 42nd World Scout Conference, Egyptalandi, fært til 2021
- Euro-Mini-Jam, Gíbraltar, 2021
- World Scout Moot, Írlandi, fært til 2022
- 25th World Scout Jamboree, Korea, 2023

Nánar á: www.wagggs.org og www.skatarnir.is



## 3.4 Dagskrármál

Stefnan í dagskrármálum er sem fyrr að styrkja almennt skátastarf með því að tengja viðburði enn betur við skátaaðferðina. Lögð er áhersla á að bjóða upp á góðan stuðning við skátastarfið almennt og að leiðtogahæfni hins almenna skáta eflist í hefðbundnu starfi.

### 3.4.1 Viðburðir

Árið 2020 var óhefðbundið í tengslum við viðburði á vegum BÍS. Mikið af viðburðum var frestað eða þeir felldir niður vegna heimsfaraldurs. Brugðist var við þessu með því að bjóða upp á viðburði í gegnum fjarfundi sem hentuðu skátum á öllum aldri. Yfirlit yfir viðburði er hægt að finna í kafla 2.6

### 3.4.2 Forsetamerkið

Forsetamerkið er eingöngu veitt þeim sem hefja vinnu fyrir það sem rekkaskátar. Gefin er út handbók sem unnið er eftir í tvö ár. Forseti Íslands, hr. **Guðni Th. Jóhannesson**, veitir þeim skátum sem ljúka við verkefnið merki við hátíðlega athöfn að Bessastöðum. Í ár féll niður afhending Forseta-merkis vegna heimsfaraldurs.

### 3.4.3 Landsmót skáta

Á Skátaþingi 2017 var samþykkt að næsta Landsmót skáta yrði haldið árið 2020 en vegna heimsfaraldurs var ákveðið að fresta því. Í staðin fyrir Landsmót skáta verða nokkur minni mót haldin á Úlfljótsvatni sumarið 2021 undir nafninu Skátasumarið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær næsta Landsmót skáta verður haldið.

### 3.4.4 Drekaskátamót

Drekaskátamót hefur verið haldið undanfarin ár á Úlfljótsvatni í byrjun júní. Í ár var ákveðið að aflýsa mótinu vegna heimsfaraldurs. Skipulagning fyrir mótið 2021 er komin af stað.

### 3.4.5 Rekka- og róverskátamót

Í júní stóð til að halda rekka- og róverskátamót en því miður varð að fresta því vegna heimsfaraldurs.

## 3.5 Fjármál

### 3.5.1 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða tap varð á rekstri BÍS á árinu og tengist það fyrst og fremst Covid-19 ástandinu. Fresta þurfti mörgum viðburðum sem búið var að undirbúa og komu því minni tekjur en áætlað var. Stjórn BÍS hefur lagt áherslu á dagskrár- og þjálfunarmál og er hreyfingin vel í stakk búin að leggja aukna fjármuni í þessa liði í framtíðinni. Skátamót hafa fjármagnað tvær stöður erindreka.

### 3.5.2 Dótturfélög

Afkoma **Grænna skáta ehf.** var jákvæð á árinu. Tekjuaukning var 25% og er það á svipuðum nótum og í fyrra. Ágætlega hefur tekist að halda kostnaði á áætlun. Aukning hefur verið í fjölda eininga sem skila sér bæði í móttökustöðinni í Hraunbæ og í söfnunargáma. Nýrri þjónustu hefur verið vel tekið en það er þjónusta við fyrirtæki og húsfélög. Stöðugt bætast við fleiri fyrirtæki og húsfélög í þjónustuna. Búið er að bæta við talningavél í móttökustöðina í Hraunbæ og tvöfaldar það afköstin. Afköstin voru fullnýtt fyrir þessa viðbót. Færiband var sett upp á Eldshöfða sem einfaldar vinnu og eykur afköst. Því má segja að Grænir skátar séu vel í stakk búnir til að takast á við aukningu næstu misserin.

Rekstur **Skátamóta ehf.** var erfiður á árinu þar sem aflýsa þurfti Landsmóti skáta á Akureyri. Búið var að leggja í töluverðan kostnað í tengslum við undirbúning mótsins. Sóttvarnarreglur takmörkuðu stórar samkomur og því var mótið slegið af í lok mars. Skátamót verða af miklum tekjum vegna þessa. Eurojamb í Póllandi var einnig aflýst en þangað var ætlunin að fara með 70 manna skátahóp. Búið var að greiða mótsgjald, ferðir og gistingu og fékkst allur kostnaður endurgreiddur nema mótsgaldið. Ljóst er að tap Skátamóta er töluvert vegna þess að aflýsa þurfti þessum tveimur viðburðum. Erindrekar BÍS eru á launaskrá hjá Skátamótum enda hefur fjárhagsstaða félagsins verið traust eftir góða rekstrar niðurstöðu World Scout Moot 2017. Eftir að aflýsa þurfti Landsmóti skáta þarf að endurskoða stöðu Skátamóta fyrir næstu misseri og getu félagsins til að standa straum af rekstri erindreka

Rekstur **Skátabúðarinnar ehf.** gekk vel. Áframhald var á góðu gengi jólatrjáasölunnar en þar hefur aldrei verið boðið upp á meira úrval af jólatrjám. Öll jólatré seldust upp þetta árið og hefur aldrei áður verið selt eins mikið af sígrænum jólatrjám. Salan hefur verið flutt í hátíðarsalinn á annarri hæðinni í Hraunbæ þar sem rýmra er um söluna og hefur það gefist vel. Rekstur Tjaldaleigunnar var seldur til Skátalands á árinu enda fellur þessi rekstur afar vel að þeirri þjónustu sem þar er boðið upp á.



### 3.5.3 Styrkir og fjáraflanir

Stuðningur ríkisvaldsins við rekstur landshreyfingar skáta er sérlega mikilvægur og hefur stjórn BÍS því lagt á það þunga áherslu að ríkisvaldið standi veglega við bakið á skátahreyfingunni og í samræmi við aðrar æskulýðshreyfingar. Ávallt er send inn greinargerð um starfsemina og fundað með ráðuneyti menntamála. Okkur ber að standa vörð um þennan stuðning og tryggja að hreyfingin haldi þessum styrkjum og fái hækkanir í takt við verðlagsþróun. Dótturfélög BÍS hafa skilað hreyfingunni góðu framlagi undanfarið og kostnaðarþátttaka þeirra er mikil. Án dótturfélaganna væri rekstrarkostnaður BÍS umtalsvert hærri og óhagkvæmari. Á árinu var stofnaður styrktarsjóður sem byggir á framlagi er fékkst við sölu á íbúð sem hjónin **Berent Th. Sveinsson** og **Laufey Guðbrandsdóttir** arfleiddu skátana að. Sjóðnum er ætlað að styrkja foringjamenntun skáta. Skátahreyfingin minnist þeirra með þakklæti. Úthlutað var úr sjóðnum á árinu til verkefnis er tengdist stofnun Skátaskólans. Þetta var fyrsta úthlutun sjóðsins. Starfsmaður var skipaður til að vinna að þessum undirbúningi í samvinnu við stjórn Skátaskólans.

### 3.5.4 Styrktarsjóður skáta

Nokkrir styrkir voru veittir í tengslum við skátastarf. Nokkrir styrkir voru veittir í viðhald skátaskála í dagskrárgerð og til að greiða fyrir áskrift að tölvuleiknum Minecraft. Styrktarsjóðurinn stendur vel og fær meðal annars árlega tekjur af sölu styrktarpinna.

### 3.5.5 Skátasjóður Berents Th. Sveinssonar og Laufeyjar Guðbrandsdóttur

Formlega var gengið frá stofnun Skátasjóðsins á árinu. Sýslumaður staðfesti skipulagsskrá sjóðsins og var skipuð stjórn. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru **Marta Magnúsdóttir** skátahöfðingi, **Ylfa Garpsdóttir** og **Hreiðar Oddson**. Varamenn eru Kristín Arnardóttir og Rafnar Friðriksson. Tilgangur sjóðsins er að styðja við foringjamenntun íslenskra skáta.

SKÁTARNIR



# 3.6 Fræðslumál

## 3.6.1 Fræðsla og þjálfun

Að venju stóð til að bjóða upp á ýmis námskeið og kynningarkvöld sem gagnast skátafélögum beint inn í starfið og styðja þau í að vinna að markmiðum skátahreyfingarinnar. Vegna heimsfaraldurs varð að fresta eða fella niður mikið af viðburðum ársins 2020.

**Neisti**

Sveitarforingjanámskeið þar sem hver og einn fær tækifæri til að velja sína dagskrá. Markmiðið með námskeiðinu er að auka færni á ýmsum sviðum skátastarfsins og efla foringja í sínu starfi. Smiðjurnar á námskeiðinu voru valdar út frá óskum sveitarforingja haustið 2018 og er þeim meðal annars ætlað að dýpka þekkingu og færni í dagskrá tengda færnimerkjunum, auka sjálfstraust í að stýra stórum hópum, fara í ferðir með sveitina sína, kveikja á skátagaldrinum og ævintýri í starfinu og margt fleira. Leiðbeinendur komu víðsvegar að úr íslensku samfélagi sem og erlendis frá.

| Þátttaka | Dags. |
|---|---|
| 78 | 10.-12.01.2020 |

**Skyndihjálparnámskeið**

Rauði krossinn hélt 12 klst. skyndihjálparnámskeið fyrir stjórnendur sumarnámskeiða skátanna þar sem rekkaskátum (16-18 ára) og öðrum eldri skátum, sjálfboðaliðum og starfsmönnum skátafélaganna var einnig boðið að koma. Námskeiðið er metið til eininga í mörgum framhaldsskólum og skátarnir setja skilyrði að útskriftarefni Gilwell leiðtogaþjálfunar og væntanlegir forsetamerkishafar rekkaskáta taki þetta námskeið.

| Þátttaka | Dags. |
|---|---|
| 11 | 14.-16.01.2020 |
| 11 | 28.-29.05.2020 |

**Vetraráskorun Crean**

**Tveggja vikna útivistarævintýri og áskorun fyrir ungt fólk á aldrinum 14-15 ára**

Verkefnið er samstarfsverkefni BÍS og Scouting Ireland. Markmið verkefnisins er að þátttakendur verði færir um að bjarga sér í vetrarferðum á fjöllum. Þeir læra undirstöðuatriði fjallaferða og vetrarferðamennsku. Meðal annars skyndihjálp á fjöllum, vetrarferðamennsku, rötun og kortalestur, GPS, næringarfræði ferðamannsins, skálahegðun og ferðareglur í hópferðum, veðurfræði á fjöllum og ýmislegt annað sem talið er skipta máli.

| Þátttaka | Dags. |
|---|---|
| 7 ísl. skátar | 14.-21. febrúar 2020 |
| 31 erl. skátar | |

**Útilífsskóli skáta**

*Námskeið fyrir stjórnendur.* Farið var ofan í saumana á námskeiðsfyrirkomulaginu í útilífsskólanum ásamt góðum siðum og venjum til að hafa í huga og tileinka sér sem stjórnandi námskeiðs. Auk þess var farið í algengustu dagskrárliði útilífsskólans og hvað ber að hafa í huga því tengt.



Hvernig skuli ferðast með hóp barna og helstu reglur sem okkur eru settar, s.s. af strætó, sundlaugum og öðrum aðilum sem við vinnum með í starfinu. Góðar tillögur að verkdreifingu voru kynntar og hvernig á að tryggja að foreldrar, þátttakendur og starfsfólk sé meðvitað um dagskrá og mikilvægi þess að öll samskipti séu góð og skýr.

*Námskeið fyrir vinnuskólaliða.* 4 klst. skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins þar sem farið var yfir þá fyrstu hjálp sem mikilvægt er að allir starfsmenn kunni í daglegri starfsemi útilífsskólanna.

*Verndum þau.* Skyldunámskeið ætlað stjórnendum sumarnámskeiðanna. Auk þess var námskeiðið opið skát-um, sjálfboðaliðum og starfsfólki skátafélaganna eldri en 18 ára því allir sjálfboðaliðar og starfsmenn skátafélaga eldri en 18 ára þurfa að fara á Verndum þau á fjögurra ára fresti.




**Æskulýðsvettvangurinn (ÆV)** hefur frá árinu 2010 staðið fyrir námskeiðinu Verndum þau. Námskeiðið er byggt á efni bókarinnar *Verndum þau* og fjallar um hvernig bregðast á við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglingum. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem starfa með börnum og ungmennum og öðrum sem áhuga hafa.
80-100 þátttakendur voru á námskeiðunum sem haldin voru 3.-5. maí.

**Starfsmenn skátafélaga**
Á námskeiðinu var farið yfir helstu verkefni sem starfsfólk skátafélaganna þarf að sinna, hvaða verkfæri standa þeim til boða og hvaða stuðning þau geta sótt frá SSR og/eða BÍS. Einnig var farið yfir góð vinnubrögð til að tileinka sér í svo sjálfstæðu starfi, hvernig skuli setja sér markmið og fylgja þeim eftir, hvernig ber að varast iðjuleysi og hvernig gott sé að veita stjórn skátafélagsins yfirsýn yfir vinnu sína. Á námskeiðinu gafst starfsfólki kostur á að sækja sér stuðning eftir persónulegri þörf frá starfsfólki SSR / BÍS.

### 3.6.2 Skátaskólinn
Aukin áhersla hefur verið á fræðslumál og er verið að byggja upp samfellda þjálfunarbraut með skilgreindri námskrá þar sem áhersla er á fjölbreytta og skátalega nálgun í bland við faglega umfjöllun. Námskráin tekur fyrir ákveðin þjálfunarþemu í gegnum námskeiðin en farið dýpra (spírall) í málefnin eftir því sem aldur og þroski leyfa. Stefnt er að því að bjóða upp á föst námskeið sem hægt er að ganga að, t.d. í haustfríum og fyrir páska.

### 3.6.3 Leiðtogaþjálfun fullorðinna sjálfboðaliða innan skátahreyfingarinnar
**Gilwell leiðtogaþjálfun** á Íslandi er rekin af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Fullorðnir skátar eru kjölfestan í góðu skátastarfi, þeir eru ábyrgir fyrir uppeldishlutverki hreyfingarinnar. Gilwell leiðtogaþjálfunin er ætluð þeim sem vilja vinna skátahreyfingunni gagn, ýmist sem leiðtogar ungra skáta eða á annan hátt.
Þátttakendur fá innsýn í hlutverk fullorðinna í skátastarfi og öðlast þekkingu og færni til að leiða starfið og þar með leggja sitt af mörkum til betra samfélags. Þjálfunin gefur þátttakendum tækifæri til að efla leiðtogahæfni sína almennt en það veitir einstaklingum aukið sjálfstraust og nýtist bæði beint og óbeint í einka- og fjölskyldulífi og á vettvangi atvinnulífsins.
Í ár féllu niður öll Gilwell námskeið vegna heimsfaraldurs og af þeim sökum náði enginn að klára þjálfunina í ár.
Upplýsingar um Gilwell leiðtogaþjálfun – grunnþjálfun, símenntun og framhaldsþjálfun – eru á www.skatarnir.is



gilwell LEIÐTOGAÞJÁLFUN

### 3.6.4 Minjavernd og fræðasetur skáta
Fræðasetrið flutti starfsemina í KSÚ á Úlfljótsvatni á árinu eftir að hafa verið með aðstöðu á Ljósafossi til fjölda ára. Sýningarrýmið eykst til muna og verður í nánari tengslum við skátastarfið. Unnið hefur verið að uppsetningu á staðnum í vetur og verður spennandi að sjá afraksturinn í sumar. Öflugur hópur sjálfboðaliða hefur haldið utan um starfsemi Fræðaseturs skáta og lagt þar mikið af mörkum.
Minjanefnd skáta hefur lokið að flokka og skrá það efni sem komið var til Þjóðskjalasafnsins. Skátamunir sem þar voru fóru til Þjóðminjasafnsins og á Fræðasetur skáta. Minjanefnd fær þakkir fyrir hennar störf.

## 3.7 Ungmennamál

### 3.7.1 Ungmennaþing
Ungmennaþing 2020 var haldið 7.-9. febrúar í Grundarfirði. Í ár mættu 35 þátttakendur á þingið. Ýmis mikilvæg málefni voru rædd á þinginu, meðal annars aðgengi ungs fólk að ákvarðanatökum innan BÍS, kosningaaldur og foringjaþjálfun. Að loknum þingstörfum á laugardeginum var svo haldin vel heppnuð skemmtidagskrá.



## 3.8 Upplýsinga-, kynningar- og útgáfumál

### 3.8.1 Heimasíðan

Mikil vinna hefur verið lögð í að endurnýja vefinn www.skatarnir.is, hefur nýi vefurinn tekið við hlutverki eldri vefs, www.skatamal.is, sem var notaður til að birta fréttir og tilkynningar.
Ritstjórn vefs- og samfélagsmiðla sér um reglulega umsjón með vefnum og þróun á honum.

### 3.8.2 Skátapósturinn

Skátapósturinn er sendur út vikulega með helstu upplýsingum um það sem er í gangi hverju sinni.

### 3.8.3 Samfélagsmiðlar

Skátarnir nota samfélagsmiðla mikið til að miðla upplýsingum og markaðssetja starfið.

**Facebook**
Facebooksíða skátanna er notuð til að miðla fréttum um viðburði og koma ýmsum skilaboðum á framfæri. Ristjórn vefs- og samfélagsmiðla sér um innsetningu efnis. Skátamiðstöðin er einnig með í sinni umsjá nokkra Facebook hópa sem gegna mikilvægu hlutverki í samskiptum og kynningarstarfi fyrir virka og starfandi foringja hvers aldursbils.

- Drekaskátaforingjar
- Fálkaskátaforingjar
- Dróttskátaforingjar
- Rekkaskátaforingjar
- Hópur félags- og aðstoðarfélagsforingja
- Tækifæri í alþjóðastarfi

**Sjálfsprottnir hópar, ekki í umsjá BÍS**
- Skátar á Íslandi
- Rekkaskátar á Íslandi
- Róverskátar á Íslandi
- Drekatemjarar Íslands
- Fálkatemjarar Íslands
- Dróttskátatemjarar Íslands
- Skátajörm

**Instagram**
Skátarnir eru einnig með Instagram reikning sem virkar vel til að ná til yngri skáta. Samkeyrsla er á milli sögu í Instagram og Facebook og birtist sagan því á báðum miðlum. Skátar sem fá tímabundið umsjón með Instagram reikningi skátanna fá leiðsögn um þau viðmið sem á að fylgja.

**TikTok**
Á haustdögum tóku skátarnir TikTok rás í notkun og hafa birt þar nokkrar skemmtilegar áskoranir.

**Discord**
Með auknum takmörkunum á skátafundum í samkomubanni færðust fundir dróttskáta og eldri að miklu leyti í netheima og kom Discord þar að góðum notum. Fundir, spilakvöld og margt fleira skemmtilegt gert þar.











### 3.8.4 Skátaskeyti
BÍS gefur út þrjár gerðir af skátaskeytum sem skátafélögin geta nýtt sér í fjáraflanir. Einstaklingar geta nú einnig pantað skeyti á vefsíðu Skátabúðarinnar og sent heillaóskir eða samúðarskeyti til vina og fjölskyldu. Einnig er hægt að hringja eða senda tölvupóst til að panta skeyti. Allur ágóði af sölu skátaskeyta rennur í Styrktarsjóð skáta.

### 3.8.5 Minningarkort
Minningarkort hafa verið til sölu í Skátamiðstöðinni í mörg ár. Hægt er að panta minningarkort með því að hringja í Skátamiðstöðina. Sendandi greiðir valfrjálsa upphæð í Styrktarsjóð skáta. Lítið er um minningarkort, í stað þeirra hafa skátaskeytin verið notuð í sama tilgangi.

### 3.8.6 Skátaskírteini
Skátaskírteinin gilda sem félagsskírteini og eru í sömu stærð og greiðslukort. Samið er við helstu útivistarverslanir landsins um afsláttarkjör til skáta sem framvísa skátaskírteini við vörukaup. Það er mikilvægt að skátafélög tryggi að félagar þeirra njóti þessara afsláttarkjara með því að skrá alla félaga í Nóra félagatalið og skila árgjaldi til BÍS með reglubundnum hætti. Nánari upplýsingar um afsláttarkjör eru á: www.skatarnir.is/afslattur

### 3.8.7 Kynningarvika
Haustið 2020 var lögð áhersla á að fá inn upplýsingar um skátafélögin á heimasíðuna og gekk það yfirleitt vel. Oft liggur ekki fyrir fyrr en að áliðnum septembermánuði hvenær skátafundir verða. Áhersla var lögð á vef en minna varð úr almennum auglýsingum.

## 3.9 Ýmis önnur verkefni

### 3.9.1 Endurfundir skáta
Endurfundir skáta hófust árið 1998 og eru hádegisfundir haldnir í Skátamiðstöðinni við Hraunbæ annan mánudag í mánuði yfir vetrartímann. Að jafnaði mæta um 40 skátar í hvert sinn. Á hverjum fundi er eitt málefni tekið til kynningar og umræðu. Endurfundirnir eru mikilvæg leið til þess að halda tengslum við þá sem hafa verið virkir í hreyfingunni. Fundir lágu að mestu niðri árið 2020 vegna Covid 19. Öflugur hópur sjálfboðaliða: *„Bakhópurinn,“* sér um utanumhald og framkvæmd viðburða sem tilheyra endurfundum skáta. Þau hafa sett sinn góða skátabrag á viðburðina og m.a. bætt við ferðalögum á fornar slóðir. Skátamiðstöðin aðstoðar hópinn með því að auglýsa fundina og panta aðföng.
Í ár féllu niður flestir Endurfundir vegna samkomutakmarkana sem voru í gildi.

SKÁTARNIR

### 3.9.2 Forvarnardagurinn
Forvarnardagurinn var haldinn miðvikudaginn 7. október í flestum grunn- og framhaldsskólum landsins. Verkefnið er samstarfsverkefni fjölmargra sem sinna æskulýðsmálum og forvörnum undir forystu forseta Íslands, **Guðna Th. Jóhannessonar**. Krökkum gefst tækifæri á að taka þátt í leik þar sem markmiðið er að draga úr áhættuhegðun.



### 3.9.3 Friðarloginn
BÍS og Landsgildið standa fyrir dreifingu Friðarlogans frá Betlehem á aðventunni. Friðarloginn logar í klaustrinu í Hafnarfirði árið um kring og þangað er hann sóttur í byrjun aðventu til dreifingar meðal landsmanna.

### 3.9.4 Styrktarpinninn
Styrktarpinninn var sendur út í febrúar en þetta er árleg fjáröflun BÍS. Undanfarin ár hafa skátaskálar prýtt pinnann og í þetta skiptið varð Gilwell skálinn á Úlfljótsvatni fyrir valinu. Verkefnið er bæði fjáröflun og einnig tengir hún gamla skáta við starfið. Í ár var einnig leitað til fyrirtækja í tengslum við þetta verkefni og gekk það vel.

### 3.9.5 Sumardagurinn fyrsti
Þróunin á viðburðum tengdum sumardeginum fyrsta er sú að viðburðirnir hafa færst nær skátafélögunum sem halda daginn hátíðlegan í sínu hverfi og með sínu sniði. Í ár var lítið um hátíðarhöld vegna heimsfaraldurs.



# 4 NEFNDIR OG STJÓRNIR Á VEGUM BÍS

## 4.1 Starfandi nefndir, stjórnir og vinnuhópar á vegum BÍS

**Stjórn Skátamóta ehf.**
Þórhallur Helgason formaður, Jón Ingvar Bragason og Harpa Ósk Valgeirsdóttir. Framkvæmdarstjóri Kristinn Ólafsson.

**Stjórn Grænna skáta ehf.**
Katrín Júlíusdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Hermann Sigurðsson, Jón Þór Gunnarsson og Sævar Skaptason. Framkvæmdarstjóri Kristinn Ólafsson.

**Stjórn Skátabúðarinnar ehf.**
Sævar Skaptason formaður, Marta Magnúsdóttir og Þórhallur Helgason. Framkvæmdarstjóri Kristinn Ólafsson.

**Stjórn Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni**
Sævar Skaptason formaður, Hermann Sigurðsson og Sölvi Melax. Framkvæmdarstjóri Kristinn Ólafsson.

**Stjórn Gilwell skólans**
Björk Norðdahl skólastjóri, Dagbjört Brynjarsdóttir, Hjálmar Hinz og Kristín Hrönn Þráinsdóttir.

**Stjórn styktarsjóðs Berents Th. og Laufeyjar**
Marta Magnúsdóttir, Hreiðar Oddsson og Ylfa Garpsdóttir.

**Stýrihópur heimsmarkmiða**
Ásgerður Magnúsdóttir, Halldór Valberg, Salka Guðmundsdóttir, Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir og Kolbrún Ósk Pétursdóttir.

**Ritstjórn vefs og samfélagsmiðla**
Hulda Mjöll Þorleifsdóttir, Jón Halldór Jónasson, Kolbrún Ósk Pétursdóttir, Sigurgeir Bjartur Þórisson og Unnur Líf Kvaran.

**Drekaskátamót**
Salka Guðmundsdóttir formaður, Aron Gauti Sigurðarson, Birta Ísafold Jónasdóttir, Gunnar Ingi Sverrisson, Ísak Árni Eiríksson Hjartar, Óli Björn Sigurðsson og Unnur Líf Kvaran.

**Þankadagurinn 2020**
Erika Eik Bjarkadóttir, Hrafnkell Úlfur Ragnarsson, Ísold Vala Þorsteinsdóttir og Þórey Lovísa Sigmundsdóttir.








# 5 ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA

## 5.1 Úlfljótsvatn

Starfsemi skáta á Úlfljótsvatni hófst árið 1941 með sumardvöl ungra skáta undir forystu Jónasar B. Jónssonar og félaga. Síðan hefur starfsemin á Úlfljótsvatni verið að aukast jafnt og þétt eftir því sem aðstaðan hefur stækkað og batnað. Í dag má fullyrða að Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni sé eitt af best búnu útivistarsvæðum á Íslandi. BÍS er eini rekstraraðili staðarins eftir að hafa keypt hlut SSR í rekstrinum árið 2018. Kaupunum fylgdu allar fasteignir og búnaður. Markmið BÍS er að nota staðinn til að efla skátastarf í landinu og styðja við foringjaþjálfun og verður staðurinn áfram rekinn í svipaðri mynd og verið hefur. SSR á 25% hlut í Úlfljótsvatnslandinu ásamt BÍS sem á 25% og Skógræktarfélagi Íslands sem á 50%.
Erlendir skátahópar eru mikilvægasta tekjulind ÚSÚ ásamt skólabúðum. Afkoman var undir væntingum og skýrist helst af Covid-19 heimsfaraldri. Aflýsa þurfti fjölda skólabúða og ekki komu neinir erlendir skátahópar til landsins. Markmið stjórnar ÚSÚ er að staðurinn verði sjálfbær og geti staðið undir viðhaldi og eðlilegri þróun.

Staðarhaldari á Úlfljótsvatni er **Jakob Guðnason**.

**Gilwellskálinn, Úlfljótsvatni**
Þetta stolta en yfirlætislausa og fallega hús nálgast áttræðisaldurinn. Það er fyrsta húsið sem skátar reistu að Úlfljótsvatni (1942) og þjónaði sem félagsmiðstöð og mötuneyti fyrir sumarbúðastarf skáta á staðnum. Húsið sem var að mestu byggt í sjálfboðavinnu gjörbreytti aðbúnaði skáta á staðnum. Eftir því sem starfsemi skáta á Úlfljótsvatni þróaðist og jókst hafa aðrar byggingar bæst við, KSÚ var byggt ári seinna og síðan aðrar byggingar. Auk sumarbúðastarfsins hefur fjöldi námskeiða og viðburða skáta verið haldinn í gamla húsinu. Fyrsta íslenska Gilwellnámskeiðið var haldið þar 1959 og næstum því árlega eftir það. Enda er húsið í daglegu tali alltaf nefnt Gilwellskálinn. Á liðnum árum hafa farið fram verulegar endurbætur og viðgerðir á húsi og húsmunum og mikill metnaður lagður í að viðhalda minjum og anda hússins. Sú vinna hefur verið unnin í sjálfboðaliðastarfi og er að mestu lokið í dag. Margskonar viðburðir eru haldnir í húsinu, til dæmis kvöldvökur, námskeið, hópavinna og fundir. Hiklaust má segja að í húsinu eigi íslenska skátahreyfingin merka og einstaka menningareign sem sómi er að vernda og hefur húsið og ástand þess vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. Gilwellskálinn er eign Bandalags íslenkra skáta (ÚSÚ) en sérstök hússtjórn fer með umsjón hans. Hússtjórnina skipa: **Haukur Haraldsson**, **Atli Smári Ingvarsson** og **Víking Eiríksson**.

## 5.2 Hamrar

Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum á Akureyri tók formlega til starfa sumarið 2000. Uppbygging og rekstur svæðisins er á vegum sérstaks rekstrarfélags, Hamrar útilífs- og umhverfismiðstöð skáta á Akureyri, í eigu Skátafélagsins Klakks sem annast uppbyggingu svæðisins í samvinnu við Akureyrarbæ. Félagið annast einnig daglegan rekstur starfseminnar að Hömrum og á tjaldsvæðinu á Akureyri. Félagið starfar í nánu sambandi við skátafélagið en hefur sjálfstæða stjórn, aðalfund og fjárhag. Þriggja manna stjórn er kosin á aðalfundi Hamra. Starfsemin að Hömrum er í gangi allt árið þótt meginhluti starfseminnar sé rekstur tjaldsvæðanna á sumrin samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Einnig annast félagið daglega umsjón með húsnæði og skálum Skf. Klakks.

# 6 SKÁTAMIÐSTÖÐIN HRAUNBÆ 123

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 er í eigu Bandalags íslenskra skáta og var tekin í notkun vorið 2003. Í húsnæðinu er rekin þjónustumiðstöð BÍS, skrifstofa SSR, skátaheimili skátafélagsins Árbúa og aðstaða fyrir Landsgildi St. Georgsgildanna á Íslandi. Í húsinu eru auk þess fundarsalir, skátavöruverslunin Skátabúðin, móttökustöð Endur-vinnslunnar og geymslur. BÍS er í viðræðum við Reykjavíkurborg um nýja staðsetningu Skátamiðstöðvarinnar við Hádegismóa nálægt Rauðavatni. Sú staðsetning gæti hentað starfsemi BÍS betur en Hraunbærinn, t.d. vegna nálægðar við náttúruna og hægt væri að útfæra ýmsa viðbót við starfsemina þar. Grænir skátar reka móttökustöð fyrir Endurvinnsluna hf. þar sem tekið er við skilagjaldsskyldum umbúðum.

# 7 SKÁTASAMBÖND

Samkvæmt lögum BÍS er skátafélögum heimilt að stofna með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur skátafélaga á tilteknum svæðum og setja sér eigin starfsreglur.

Eftirfarandi skátasambönd eru starfandi
• Skátasamband Reykjavíkur (SSR). Formaður SSR er **Benedikt Þorgilsson**.

# 8 AÐILD AÐ BÍS

**Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:**

**Aðild A** Skátafélög með starf fyrirfélaga á aldrinum 7-25 ára.
**Aðild B** Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félaga sem flestir eru eldri en 23 ára.
**Aðild C** Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS.
**Aðild D** Skátar með beina aðild að BÍS.

**Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:**

| Félagsaðild - | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| • Þjónusta BÍS | forgangur | já | ef unnt er | ef unnt er |
| • Þátttökuréttur í viðburðum | forgangur | já | ef unnt er | ef unnt er |
| • Atkvæði á Skátaþingi | 4 | 1 | 0 | 0 |
| • Félagsgjald til BÍS | já | já | nei | já |

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

## 8.1 Eftirtalin skátafélög eru með aðild A að BÍS

- Skátafélag Akraness, Akranesi
- Skátafélagið Árbúar, Árbæjarhverfi í Reykjavík
- Skátafélag Borgarness, Borgarnesi
- Skátafélagið Eilífsbúar, Sauðárkróki
- Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Ísafirði
- Skátafélagið Faxi, Vestmannaeyjum
- Skátafélagið Fossbúar, Selfossi
- Skátafélagið Garðbúar, Fossvogs- og Bústaðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hafernir, Fella- og Hólahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hamar, Grafarvogshverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Heiðabúar, Reykjanesbæ
- Skátafélagið Hraunbúar, Hafnarfirði
- Skátafélagið Klakkur, Akureyri
- Skátafélagið Kópar, Kópavogi
- Skátafélagið Landnemar, Austurbæ og Hlíðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Mosverjar, Mosfellsbæ
- Skátafélagið Segull, Seljahverfi, Bakka- og Stekkjahverfunum í Reykjavík
- Skátafélagið Skjöldungar, Heima- og Vogahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Segull, Seljahverfi, Bakka- og Stekkjahverfunum í Reykjavík
- Skátafélagið Stígandi, Dalabyggð
- Skátafélagið Strókur, Hveragerði
- Skátafélagið Svanir, Álftanesi
- Skátafélagið Vífill, Garðabæ
- Skátafélagið Ægisbúar, Vesturbæ í Reykjavík
- Skátafélagið Örninn, Grundarfirði

## 8.2 Eftirtalin skátafélög eru með aðild B að BÍS

- Skátafélag Sólheima, Sólheimum, Grímsnesi
- Skátafélagið Radíóskátar, Garðabæ

## 8.3 Eftirtalin skátafélög eru með aðild C að BÍS

- Landsgildi St. Georgsgildanna
- Rathlaupsfélagið Hekla
- Skátakórinn
- Skíðasamband skáta
- Skógræktarfélag skáta við Úlfljótsvatn

## 8.4 Eftirtalin félög eru með óvirka aðild A að BÍS

- Skátafélagið Goðar, Þórshöfn
- Skátafélagið Héraðsbúar, Fljótsdalshéraði
- Skátafélagið Landvættir, Dalvík
- Skátafélagið Samherjar, Vesturbyggð
- Skátafélagið Selir, Seltjarnarnesi







# 9 NEFNDIR OG SAMTÖK SEM BÍS TENGIST

## 9.1 Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi. Æskulýðsvettvangurinn hefur gefið út viðbragðsáætlun fyrir þau félagasamtök sem mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélög þeirra þar sem finna má verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll sem kunna að hafa áhrif á líf og störf einstaklinga og félagsstarfs.

Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs tók til starfa á vormánuðum eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um starfið síðastliðið haust. Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem getur aðstoðað og leiðbeint einstaklingum sem telja sig hafa verið beittir ofbeldi eða misrétti í íþrótta- eða æskulýðsstarfi. Þjónusta samskiptaráðgjafa er gjaldfrjáls. Samhliða þessu var fagráð Æskulýðsvettvangs aflagt.

Netnámskeið í barnavernd. Æskulýðsvettvangurinn er með netnámskeið í barnavernd fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Um er að ræða fræðslu og forvarnir í barnaverndarmálum á Íslandi sem snýr að því að gera umhverfi barna og ungmenna í félagsstarfi öruggara.

Það er mikilvægt að þeir sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð. Starfsfólk og sjálfboðaliðar sem vinna með börnum og ungmennum þurfa að þekkja mismunandi birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og annarrar áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og vita hvernig bregðast eigi við þegar slíkt kemur upp í félagsstarfi.

Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfboðaliða í íþrótta- og æskulýðsfélögum um land allt á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og afleiðingunum af því. Tilgangurinn með því er að reyna að koma í veg fyrir að slíkt komi upp í íþrótta- og æskulýðsstarfi og gera börnum og ungmennum auðveldara með að fá úrlausn slíkra mála þegar þau koma upp.

## 9.2 Aðrar nefndir og samtök

- **WAGGGS**, World Association of Girl Guides and Girl Scouts
  Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS
- **WOSM**, World Organisation of the Scout Movement
  Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS
- **European Region WAGGGS**
  Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS
- **European Scout Region**
  Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS
- **Samstarfsnefnd Norrænu skátabandalaganna**
  Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS
- **Landvernd**, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands
  Tengiliður: Skátamiðstöðin
- **Æskulýðsráð**
  Tengiliður: Skátamiðstöðin
- **Æskulýðsvettvangurinn**, samstarfsvettvangur BÍS, UMFÍ, KFUM og KFUK og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
  Tengiliður: Skátamiðstöðin
- **SAMÚT**, samtök útivistarfélaga
  Tengiliður: Skátamiðstöðin
- **Norræna æskulýðsnefndin**
  Tengiliður: Skátamiðstöðin
- **Friends of Scouting in Europe (FOSE)**
  Tengiliður: Júlíus Aðalsteinsson



SKÁTARNIR

# Ársreikningur
## Bandalags íslenskra skáta
## 2020

EFNISYFIRLIT


Rekstrarreikningur (5)........................... 22

Efnahagsreikningur (6) .......................... 22

Sjóðstreymisyfirlit (8) ........................... 23

Skýringar (9) ......................................... 24

## Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Ríkisstyrkur | | 39.765.000 | 39.450.000 |
| Þjónustu- og markaðsverkefni, tekjur | 15 | 3.177.200 | 2.960.000 |
| Félagsstarf, tekjur | 16 | 3.398.799 | 7.034.595 |
| Húsaleigutekjur | | 12.840.000 | 14.850.000 |
| Aðrar tekjur | 18 | 13.030.669 | 11.854.965 |
| | 2 | 72.211.668 | 76.149.560 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 44.698.524 | 40.539.913 |
| Þjónustu- og markaðsverkefni, gjöld | 15 | 2.305.005 | 2.697.507 |
| Félagsstarf, gjöld | 16 | 7.625.671 | 16.095.447 |
| Húsnæðiskostnaður | | 4.908.591 | 5.289.843 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 14 | 13.269.841 | 10.940.338 |
| Afskriftir | 6 | 2.068.160 | 2.046.669 |
| | | 74.875.792 | 77.609.717 |
| **Rekstrartap** | | (2.664.124) | (1.460.157) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 922.869 | 298.033 |
| Vaxtagjöld | | (3.430) | 0 |
| Gengismunur | | (12.542) | 28.595 |
| | 4 | 906.897 | 326.628 |
| **Tap án hlutdeildar í afkomu dótturfélaga** | | (1.757.227) | (1.133.529) |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 7 | (42.976.599) | (17.226.751) |
| **Tap ársins** | 9 | (44.733.826) | (18.360.280) |





## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| **Eignir** | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | 6 | 97.983.760 | 99.475.223 |
| Áhöld og tæki | 6 | 248.588 | 286.285 |
| | | 98.232.348 | 99.761.508 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 7 | 79.153.776 | 122.130.375 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 800.000 | 800.000 |
| | | 79.953.776 | 122.930.375 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 178.186.124 | 222.691.883 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Kröfur á tengda aðila | 11 | 79.165.861 | 69.229.794 |
| Aðrar skammtímakröfur | 19 | 512.832 | 3.867.621 |
| Vörslureikningur vegna styrktarsjóðs | 13 | 0 | 59.000.000 |
| Handbært fé | 5 | 2.130.092 | 4.950.997 |
| | | 81.808.785 | 137.048.412 |
| **Eignir samtals** | | 259.994.909 | 359.740.295 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 203.234.345 | 247.968.171 |
| | 9 | 203.234.345 | 247.968.171 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 4.332.532 | 2.905.837 |
| Skuld við tengda aðila | 11 | 42.923.488 | 41.179.455 |
| Ógr. stofnfjárframlag í styrktarsjóð | 13 | 0 | 59.000.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 20 | 9.504.544 | 8.686.832 |
| | | 56.760.564 | 111.772.124 |
| **Skuldir samtals** | | 56.760.564 | 111.772.124 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 259.994.909 | 359.740.295 |
| **Ábyrgðarskuldbindingar** | 10 | | |
| **Styrktarsjóður skáta** | 12 | | |





## Sjóðstreymi ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Tap ársins | 9 | (44.733.826) | (18.360.280) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 2.068.160 | 2.046.669 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | 7 | 42.976.599 | 17.226.751 |
| | | 310.933 | 913.140 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 3.354.789 | (2.961.714) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 2.244.407 | 540.638 |
| | | 5.599.196 | (2.421.076) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 5.910.129 | (1.507.936) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaupverð fjárfestinga | 11 | (539.000) | (1.395.000) |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | (9.936.067) | 8.475.440 |
| | | (10.475.067) | 7.080.440 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuld við tengda aðila, breyting | 11 | 1.744.033 | (1.159.318) |
| | | 1.744.033 | (1.159.318) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (2.820.905) | 4.413.186 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 4.950.997 | 537.810 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.130.092 | 4.950.997 |

## Skýringar

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

### 2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

### 3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Laun | 47.202.053 | 43.746.083 |
| Launatengd gjöld | 10.692.805 | 9.573.945 |
| Ýmis starfsmannakostnaður | 3.698.658 | 5.250.754 |
| Laun færð á aðra starfsþætti | (16.894.992) | (18.030.869) |
| | 44.698.524 | 40.539.913 |

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 6 og voru 6 á fyrra ári.

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 5. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.





## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og land | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árslok 2019:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 100.082.542 | 330.635 | 100.413.177 |
| Viðbót ársins | 1.395.000 | 0 | 1.395.000 |
| Afskriftir | (2.002.319) | (44.350) | (2.046.669) |
| Bókfært verð í árslok | 99.475.223 | 286.285 | 99.761.508 |
| Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 126.278.441 | 1.986.593 | 128.265.034 |
| Afskrifað samtals | (26.803.218) | (1.700.308) | (28.503.526) |
| Bókfært verð í árslok | 99.475.223 | 286.285 | 99.761.508 |
| **Árslok 2020:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 99.475.223 | 286.285 | 99.761.508 |
| Viðbót ársins | 539.000 | 0 | 539.000 |
| Afskriftir | (2.030.463) | (37.697) | (2.068.160) |
| Bókfært verð í árslok | 97.983.760 | 248.588 | 98.232.348 |
| Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 126.817.441 | 1.986.593 | 128.804.034 |
| Afskrifað samtals | (28.833.681) | (1.738.005) | (30.571.686) |
| Bókfært verð í árslok | 97.983.760 | 248.588 | 98.232.348 |

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 50 ár |
| Áhöld og tæki | 7 ár |

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

**Fasteignamat og vátryggingaverðmæti**

Fasteignamat eignarhlutar BÍS í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 nam 136,6 millj. kr. í árslok 2020 og brunabótamat nam 213,8 millj. kr.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

**Veðsetningar**

Á fasteign félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum Grænna skáta ehf., sem voru að uppgreiðsluvirði um 56,7 millj. króna í árslok 2020.

## Skýringar

### 7. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

| Eignarhlutdeild | Skáta-mót ehf. 100,0% | Skáta-búðin ehf. 100,0% | Grænir skátar ehf. 100,0% | Útilífsmiðst. skáta Úlfljótsvatni 100,0% | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutdeild 1/1 | 51.420.506 | 20.545.743 | 10.833.826 | 39.330.300 | 122.130.375 |
| Hlutdeild í afkomu | (20.044.551) | (5.138.342) | 5.900.632 | (23.694.338) | (42.976.599) |
| | 31.375.955 | 15.407.401 | 16.734.458 | 15.635.962 | 79.153.776 |

Félagið gerir ekki samstæðuársreikning þar sem það er ekki skylda samkvæmt lögum vegna stærðarmarka.

### 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Önnur félög: | | | |
| Endurvinnslan ehf. | 2% | 750.000 | 750.000 |
| Úlfljótsvatn sf. | 25% | 50.000 | 50.000 |
| | | 800.000 | 800.000 |

### 9. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Eigið fé samtals |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 247.968.171 |
| Tap ársins | (44.733.826) |
| Staða í árslok | 203.234.345 |

### 10. Ábyrgðarskuldbindingar

**Ábyrgðarskuldbindingar**

Bandalagið er í ábyrgðum vegna lána Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni sem nema 39,4 milljónum króna og vegna lána Grænna skáta sem nema 56,7 milljónum.





## Skýringar

### 11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn bandalagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Krafa á Græna skáta ehf. | 22.736.620 | 28.926.620 |
| Krafa á Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni | 42.477.157 | 27.930.200 |
| Krafa á Skátabúðina ehf. | 13.952.084 | 12.372.974 |
| | 79.165.861 | 69.229.794 |
| Skuld við Skátamót ehf. | 42.923.488 | 41.179.455 |
| | 42.923.488 | 41.179.455 |

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

### 12. Aðrar upplýsingar

**Styrktarsjóður skáta**

Sjóðurinn var stofnsettur 1998 og rennur árlega í hann hluti félagsgjalda BÍS og andvirði sölu minningarkorta sem og almenn framlög. Haldið er sérstaklega utan um fjármál sjóðsins og hann yfirfarinn samhliða ársreikningi BÍS. Sjóðurinn er ekki færður í ársreikninginn.

| | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Staða Styrktarsjóðs í byrjun árs | 15.744.317 | 14.881.096 |
| Framlög í sjóðinn á árinu | 1.172.207 | 1.023.626 |
| Ávöxtun á árinu | 266.164 | 511.320 |
| Styrkir úr sjóðnum | (470.000) | (671.725) |
| Staða Styrktarsjóðs í lok árs | 16.712.688 | 15.744.317 |
| Inneign hjá BÍS | 3.862.692 | 2.750.992 |
| Bankareikningur í Íslandsbanka | 2.794 | 411.512 |
| Lausafjársafn Íslandsbanka | 12.847.202 | 12.581.813 |
| | 16.712.688 | 15.744.317 |

### 13. Skátasjóður Berents Th. Sveinssonar og Laufeyjar Guðbrandsdóttur

Á árinu 2018 var félagið arfleitt að íbúð sem var seld á árinu 2019. Samtals nam söluágóðinn, sem jafnframt er stofnfé sjóðsins, 59 millj. kr. og eru þeir fjármunir í vörslu Bandalagsins. Skátasjóðurinn hefur það markmið að efla foringjaþjálfun. Á árinu 2020 var fjárfest í verðbréfum fyrir söluandvirði íbúðarinnar og úthlutaði sjóðurinn styrkt til skátaskólans.

## Skýringar

**14. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Tölvukostnaður | 6.286.296 | 3.650.859 |
| Bókhald og endurskoðun | 2.556.653 | 2.577.801 |
| Aksturskostnaður | 128.241 | 1.047.834 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 788.795 | 936.312 |
| Gjafir og styrkir | 299.543 | 262.875 |
| Pappír, prentun og ritföng | 195.132 | 524.765 |
| Bankakostnaður | 385.709 | 464.472 |
| Síma- og póstkostnaður | 324.752 | 436.441 |
| Ferðakostnaður | 0 | 325.687 |
| Lögfræðikostnaður | 358.702 | 0 |
| Félags og aðildargjöld | 52.000 | 0 |
| Afskrifaðar viðskiptakröfur | 1.349.677 | 0 |
| Annar kostnaður | 544.341 | 713.292 |
| | 13.269.841 | 10.940.338 |

**15. Þjónustu- og markaðsverkefni:**

**Tekjur:**

| | | |
|---|---|---|
| Styrktarpinni | 3.177.200 | 2.860.000 |
| Skátablaðið | 0 | 100.000 |
| | 3.177.200 | 2.960.000 |

**Gjöld:**

| | | |
|---|---|---|
| Styrktarpinni | 2.305.005 | 2.697.507 |
| | 2.305.005 | 2.697.507 |

**16. Félagsstarf:**

**Tekjur:**

| | | |
|---|---|---|
| Fræðslumál | 602.310 | 2.963.050 |
| Félagaráð | 309.627 | 1.242.251 |
| Félagsgjöld | 938.850 | 814.200 |
| Endurfundir eldri skáta | 506.643 | 663.015 |
| Ungmennaráð | 257.460 | 444.308 |
| Skátaþing | 0 | 374.500 |
| Alþjóðamál | 146.335 | 280.011 |
| Dagskrármál | 137.574 | 253.260 |
| Aðrar tekjur | 500.000 | 0 |
| | 3.398.799 | 7.034.595 |





## Skýringar

**17. Félagsstarf, frh.:**

**Gjöld:**

| | | |
|---|---|---|
| Fræðslumál | 1.481.610 | 4.073.834 |
| Félagaráð | 0 | 2.509.680 |
| Alþjóðamál | 742.936 | 1.903.837 |
| Upplýsinga- og kynningarmál | 3.738.061 | 1.893.851 |
| Dagskrármál | 60.396 | 1.799.607 |
| Stjórn BÍS | 527.817 | 1.335.074 |
| Skátaþing | 346.485 | 1.029.850 |
| Endurfundir eldri skáta | 311.313 | 621.675 |
| Ungmennaráð | 323.525 | 426.637 |
| Afhending forsetamerkis | 0 | 247.606 |
| Félagsgjöld | 0 | 124.353 |
| Félagsforingjafundir | 43.227 | 47.957 |
| Erindrekstur | 28.850 | 35.540 |
| Annar kostnaður | 21.451 | 45.946 |
| | 7.625.671 | 16.095.447 |

**18. Aðrar tekjur:**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Umsýslukostnaður vegna skátamóta | 0 | 7.211.016 |
| Útlagður kostnaður og vinna vegna Kirkjubrautar | 0 | 4.431.449 |
| Styrkir til skátastarfs | 0 | 160.000 |
| Styrkir til skátastarfs frá skátasjóði Berents og Laufeyjar | 11.800.000 | 0 |
| Aðrar tekjur | 1.230.669 | 52.500 |
| | 13.030.669 | 11.854.965 |

**19. Skammtímakröfur:**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 587.301 | 3.479.377 |
| Fose - Friends in Europe | 0 | 419.706 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 15.820 | 58.827 |
| Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna | (90.289) | (90.289) |
| | 512.832 | 3.867.621 |

**20. Skammtímaskuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt vegna styrktarsjóðs skáta | 3.862.692 | 2.750.992 |
| Ógreitt vegna starfsmanna | 4.680.384 | 4.399.680 |
| Kreditkort | 0 | 539.855 |
| Annað | 961.468 | 996.305 |
| | 9.504.544 | 8.686.832 |

SKÁTARNIR



SKÁTARNIR